

HÚSAFRIÐUNARNEFND RÍKISINS

ÁRSSKÝRSLA



2002

Skýrsla um starf Húsafriðunarnefndar og
yfirlit yfir styrkveitingar úr Húsafriðunarsjóði

Húsafriðunarnefnd í maí 2003

Ljósmynd á forsíðu: Bessastaðir © Magnús Skúlason

Umbrot og hönnun: Ragnar Jón Gunnarsson

Öll réttindi áskilin.

Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið

Ávarp


Árið 2002 er fyrsta heila árið sem Húsafriðunarnefnd starfar samkvæmt nýjum lögum (nr. 104/2001) en með þeim var nefndin skilgreind sem sjálfstæð stofnun. Jafnframt því varð starf forstöðumanns sjálfstæðara en áður og ber hann nú ábyrgð á rekstri stofnunarinnar gagnvart menntamálaráðherra.

Starfsemi stofnunarinnar hefur verið að breytast og ríkari áhersla er nú lögð á almenna stefnumörkun í húsverndarmálum en áður og má nefna þátttöku hennar í húsakönnunum sveitarfélaga sem dæmi þar um. Þessar áherslur munu eflaust verða æ ríkari hluti í starfi stofnunarinnar.



Á undanförunum árum hefur tekist að styrkja stöðu Húsafriðunarsjóðs og hefur það gert sjóðnum mögulegt að hækka einstaka styrki til friðaðra húsa og skal því fagnað. Styrking sjóðsins hefur einnig haft í för með sér að stofnunin hefur getað stundað byggingarsögulegar rannsóknir í nokkrum mæli og sömuleiðis ráðist í útgáfu rita um þær.

Það er von Húsafriðunarnefndar að unnt verði að efla Húsafriðunarsjóð enn frekar svo að hann geti styrkt viðhald og endurbætur á friðuðum húsum með veglegum hætti. Þá verði kannað hvort aflétta megi friðun einhverra húsa, þannig að framvegis njóti þau hús ein friðunar sem eru verðugir fulltrúar síns byggingartíma og byggingarstíls.



Hlutverk Húsafriðunarnefndar

Húsafriðunarnefnd starfar skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001 og húsa-friðunar-reglu-gerð. Tilgangur laganna er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningar-sögulegt gildi.

Hlutverk Húsafriðunarnefndar er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar. Því hlutverki sinnir hún með margvíslegum hætti, m.a. með því

- að móta stefnu í húsverndunarmálum,
- að meta hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til menntamálaráðherra,
- að fara yfir umsóknir um breytingar, viðhald eða endurbætur á friðuðum húsum,
- að hafa eftirlit með friðuðum húsum og þeim framkvæmdum sem nefndin styrkir,
- að gefa álit á áformum um breytingar, flutning eða niðurrif húsa sem reist eru milli 1850 og 1918,
- að stjórna húsafriðunarsjóði og veita úr honum styrki samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins,
- að halda skrá yfir öll friðuð hús í landinu,
- að veita ráðgjöf og fræðslu um viðhald og varðveislu gamalla húsa,
- að stuðla að gerð húsakannana og útgáfu þeirra,
- að standa fyrir byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

Í apríl 1996 gekk þáverandi Húsafriðunarnefnd frá stefnuskrá og starfsreglum nefndarinnar sem kynntar voru menntamálaráðuneytinu og staðfestar af þjóðminjaráði. Ný stefnuskrá var tekin saman og samþykkt af Húsafriðunarnefnd 2002 og kynnt menntamálaráðherra.

Húsafriðunarsjóður

Húsafriðunarnefnd stjórnar Húsafriðunarsjóði, en hlutverk sjóðsins er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum og til húsa sem hafa menningarsögulegt og listrænt gildi að mati Húsafriðunarnefndar. Sjóðurinn styrkir einnig verkefni sem stuðla að rannsóknum á íslenskum byggingararfi og útgáfu rita þar að lútandi.

Húsafriðunarnefnd úthlutar styrkjum úr Húsafriðunarsjóði samkvæmt reglugerð um sjóðinn nr. 479 frá 30. nóvember 1993.

Umsóknir til sjóðsins þurfa að berast fyrir 1. desember ár hvert.

Fjárframlög til sjóðsins koma annars vegar af fjárlögum og úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Húsafriðunarnefnd ríkisins

Í Húsafriðunarnefnd sitja sem aðalmenn

Þorsteinn Gunnarsson arkitekt

Nikulás Úlfar Mátsson arkitekt

Guðmundur Þór Guðmundsson lögfræðingur

Einar Njálsson bæjarstjóri

Pétur H. Ármannsson arkitekt

Í Húsafriðunarnefnd sitja sem varamenn

Gylfi Guðjónsson arkitekt fyrir P.H.Á.

Ingunn Guðmundsdóttir fyrir E.N.

Júlíanna Gottskálksdóttir arkitekt fyrir Þ.G.

Lýður Pálsson fyrir N.Ú.M.

Guðrún Kristinsdóttir fyrir G.Þ.G.

Þjóðminjavörður hefur seturétt á fundum Húsfriðunarnefndar.

Starfsmenn Húsafriðunarnefndar

Forstöðumaður

Magnús Skúlason arkitekt

Skrifstofustjóri

Birna Mjöll Sigurðardóttir þjóðfræðingur

Í sérverkefnum

Ragnar Jón Gunnarsson arkitekt

Afgreiðsla og ákvarðanir

Verklag við afgreiðslu og ákvarðanatöku hjá Húsafriðunarnefnd er tvíþætt, annars vegar afgreiðir forstöðumaður önnur hús en friðuð hús og viðhald á friðuðum húsum milli funda nefndarinnar. Hins vegar afgreiðir Húsafriðunarnefnd breytingar á friðuðum húsum á mánaðarlegum fundum sínum.

Forstöðumaður leggur skýrslu sína um afgreiðslur sínar milli funda fyrir nefndina til samþykktar.

Starfsemi nefndarinnar

Húsafríðunarnefnd hélt 11 fundi á árinu, þar sem m.a. var fjallað um áætlanir vegna framkvæmda við friðuð hús og önnur hús, sem hafa listrænt eða menningarsögulegt gildi, innra starf nefndarinnar og styrkumsóknir í húsafríðunarsjóð. Auk þess samdi nefndin að ósk menntamálaráðuneytisins drög að reglugerðum og tók saman að eigin frumkvæði stefnuskrá nefndarinnar 2002.

Af friðuðum húsum

Af friðuðum húsum, sem nefndin hafði afskipti af, eru þessi helst: Alþingishúsið og nýr þingmannaskáli, aðalbygging Háskóla Íslands, hús Búnaðarbankans í Austurstæti 5, hús Egils Jacobsens í Austurstræti 9, Austurstræti 20, Skólastræti 5, Lækjargata 10, Fríkirkjuvegur 3, hegningarhúsið við Skólavörðustíg, Neskirkja og áform um viðbyggingu sem hýsa á nýtt safnaðarheimili; öll í Reykjavík. Borgarkirkja á Mýrum, Norska húsið í Stykkishólmi, gamli barnaskólinn á Ísafirði og samkomuhúsið á Akureyri. Af öðrum markverðum húsum, sem nefndin hafði afskipti af, skulu þessi nefnd: Aðalstæti 2 og Bankastræti 12 í Reykjavík og útihús við Nesstofu á Seltjarnarnesi.

Á árinu kynnti nefndin sér drög að deiliskipulagi fyrir Stykkishólm, skipulagstillögu við Laugaveg og vinnu við uppbyggingu og verndun við Laugaveg.

Nefndin lagðist gegn niðurrífi á húsinu Hreggnasi 4 í Hnífsdal; mæltist hún til þess að gerð yrði húsakönnun á staðnum og á grundvelli hennar tekin afstaða til niðurrífs. Þá beitti nefndin sér fyrir varðveislu Waathne-pakkhússins á Oddeyri á nýjum stað og veitti kr. 200.000 til björgunar þess.

Reglugerðir

Í ársbyrjun samþykkti nefndin tillögur að þremur reglugerðum sem gerðar voru að ósk menntamálaráðuneytisins: 1) Húsafríðunarreglugerð. 2) Reglugerð um forstöðumann Húsafríðunarnefndar. 3) Úthlutunarreglur Húsafríðunarsjóðs. Tillögurnar voru til umræðu á þremur fundum nefndarinnar en auk þess hélt formaður fjóra vinnufundi með forstöðumanni og Ragnari Jóni Gunnarssyni arkitekt sem annaðist ritstjórn f.h. nefndarinnar. Nefndin skilaði tillögum til ráðuneytis 13. febrúar 2002. Þær voru óstaðfestar 31. desember 2002.

Stefnuskrá

Hinn 12. mars samþykkti nefndin tillögur formanns að Stefnuskrá Húsafríðunarnefndar 2002. Skráin, sem byggir að hluta á Starfsreglum og Stefnumörkun Húsafríðunarnefndar frá 1996, er í nýu eftirtöldum

köflum: 1) Íslensk byggingararfleifð og fræðilegur grunnur Húsafríðunarnefndar. 2) Skráningarmál Húsafríðunarnefndar. 3) Starfsreglur Húsafríðunarnefndar. 4) Afgreiðsla erinda og mat á spjöllum. 5) Friðun húsa. 6) Húsafríðunarsjóður og styrkveitingar úr honum. 7) Byggingarsögulegar rannsóknir. 8) Útgáfustarfsemi. 9) Ráðgjöf og fræðsla. – Hinn 27. júní kynnti formaður stefnuskrána fyrir menntamálaráðherra sem lýsti yfir ánægju með framtak nefndarinnar.

Byggingarlýsingar

Í árslok réð nefndin Guðmund L. Hafsteinsson arkitekt til að semja lýsingar á friðuðum kirkjum, byggðum á úttekum þeim sem hann gerði á vegum nefndarinnar 1998; sömuleiðis til að hanna skoðunarblað og skipuleggja vettvangsskoðun á friðuðum veraldlegum húsum sem yrði grundvöllur byggingarlýsinga.

Kynnisferð

Húsafríðunarnefnd fór í kynnisferð um Vestfirði dagana 16.-18. júlí. Á Ísafirði hélt nefndin fund með Jóni Sigurpálssyni safnverði og Sigurði Mar Óskarssyni tæknifræðingi um Salthúsið á Þingeyri. Á Flateyri fundaði nefndin með forráðamönnum Íbúasamtaka Öndarfjarðar um varðveislu Hafnarstrætis, á Þingeyri með sr. Guðrúnu Eddu Gunnarsdóttur og sóknarnefnd um viðgerð Þingeyrarkirkju og á Bíldudal með sóknarnefnd Bíldudalssóknar um Bíldudalskirkju og áætlanir um viðhald og endurbætur. Á Patreksfirði átti nefndin fund með Jóni Gunnarssyni bæjarstjóra og Jóhanni Ásmundssyni safnverði á Hnjóti um Vatneyrarbúð og gerð húsakönnunar á Patreksfirði; ennfremur fund með sóknarnefnd Patreksfjarðarsóknar um Eyrarkirkju og áætlanir um viðgerðir í tilefni hundrað ára afmælis kirkjunnar 2004. Þá kynnti nefndin sér viðgerðir húsa, sem hlotið hafa styrk úr húsafríðunarsjóði, og velflestar friðaðar kirkjur á Vestfjörðum frá Ísafirði til Brjánslækjar á Barðaströnd.

Fjárlaganefnd Alþingis

Hinn 12. nóvember gengu formaður og forstöðumaður á fund Fjárlaganefndar Alþingis og lögðu fram áætlun um lágmarksfjárförf Húsafríðunarsjóðs að upphæð kr. 131.000.000 og ítrekuð jafnframt hugmyndir nefndarinnar um sérverkefni til ákveðinna sveitarfélaga að upphæð kr. 12.000.000. – Þótt Fjárlaganefnd kæmi ekki til móts við óskir nefndarinnar til fulls, jók hún framlag sitt frá fyrra ári og munaði þar mestu um 39.8 millj. kr. hækkun, sem skiptist á nokkur fyrirfram ákveðin verkefni.

Friðuð hús á Íslandi 2002

Friðuð hús eru annars vegar þau hús, sem friðuð eru vegna aldurs, og hins vegar hús sem friðuð eru samkvæmt sérstakri ákvörðun.

Fjöldi friðaðra húsa:

- Kirkjur	204
- Önnur hús	162
Friðuð hús alls	366

Einnig er Húsafriðunarnefnd heimilt að beita skyndifriðun, en þá er hús friðað til skamms tíma meðan nefndin tekur afstöðu til þess hvort friða eigi húsið með sérstakri ákvörðun. Skyndifriðun var ekki beitt á árinu 2002. Skyndifriðun hefur ekki verið beitt síðan 1994.

Heimasíða Húsafriðunarnefndar

Húsafriðunarnefnd heldur úti heimasíðu þar sem fram koma helstu upplýsingar um starfsemi nefndarinnar, hluti friðunarskrár o.fl. Slóð heimasíðunnar er: www.husafridun.is.

Kirkjur Íslands 2



Kirkjur Íslands 3



Tillögur um friðun 2002

Akureyrarkirkja	1938
Hótel Borg	1928
Háskóli Íslands, aðalbygging	1935
Héraðsskólinn á Laugarvatni	1928
Þjóðleikhúsið	1928
Sundhöll Reykjavíkur	1929
Syðstabæjarhúsið í Hrísey	1885
Aðalstræti 4, gamla apótekið Akureyri	1859
Norræna húsið	1963
Listasafn Einars Jónssonar	1921
Laugavegur 2	1887
Gamli kvennaskólinn, Rvík	1878
Grettisgata 11	1908

Engin friðun húsa var staðfest af ráðherra 2002.

Útgáfustarfsemi

Til útgáfu Húsafriðunarnefndar telst, auk heimasíðu, ritröðin Kirkjur Íslands og leiðbeiningarit um varðveislu, viðgerðir og endurbætur gamalla húsa.

Áður er útkomið eitt rit í ritröðinni um kirkjur Íslands og er hefst umfjöllunin á kirkjum í Árnasprófastsdæmi. Nefndin hefur sett sér það markmið að gefa út tvö bindi af kirkjum Íslands á ári. Gert er ráð fyrir að síðustu bindin komi úr 2014.

Áður eru 4 hefti útkomin rit í ritröðinni um varðveislu gamalla húsa sem hér segir:

1. hefti: **Trégluggar** 1996
2. hefti: **Húsakannanir** 1997
3. hefti: **Útveggir, grind og klæðning** 1998
4. hefti: **Skrá yfir friðuð hús** 2000

Árið 2002 voru tvö rit í vinnslu, annað um uppmælingu húsa og hitt um steiningu.

Kirkjur Íslands

Ár 2002 kom út annað og þriðja bindi í ritröðinni **Kirkjur Íslands**.

Að ritröðinni standa, auk Húsafriðunarnefndar, Biskupsstofa og Þjóðminjasafn Íslands, sem jafnframt eiga fulltrúa í ritnefnd ritraðarinnar.

Höfundar eru þau Guðmundur L. Hafsteinsson, Gunnar Bollason, Páll Lýðsson, Þór Magnússon og Þóra Kristjánsdóttir.

Ár 2003 er væntanlegt er fjórða bindið og með því lýkur umfjöllun um kirkjur í Árnasprófastsdæmi.

Friðun húsa

Á árinu gerði Húsafriðunarnefnd tillögur til menntamálaráðherra um friðun 13 húsa. Tillögurnar biðu staðfestingar ráðherra í lok árs 2002. Sjá lista hér til vinstri.

Eigendur hússins Austurstræti 20 í Reykjavík óskuðu álits nefndarinnar á því hvort heimilt yrði að rífa húsið, „þ.e. aflétta friðun og byggja í samræmi við gildandi skipulag.“ Á grundvelli varðveislumats á þremur húsum – Lækjargötu 2 og Austurstræti 20 og 22 – sem meirihluti nefndarinnar gerði ásamt forstöðumanni á vettvangi og með hliðsjón af hugmyndum Péturs H. Ármannssonar um breytingar á reitnum, féllst nefndin ekki á að aflétta friðun hússins og heimila niðurfrí þess.

Ráðgjöf

Ráðgjöf forstöðumanns, bæði um síma og á byggingarstað er orðið stór hluti af starfi hans. Þarf hann oft að leita aðstoðar ráðgjafa til að sinna eftirliti. Mikilvægt er fyrir stofnunina að hafa yfir að ráða starfsfólki með sérþekkingu sem getur svarað þeim fjölmörgu fyrirspurnum sem henni berast.

Húsnæðismál

Húsafriðunarnefnd er til húsa að Lyngási 7 í Garðabæ í húsnæði Þjóðminjasafns Íslands.

Húsnæðið er of lítið fyrir starfsemi stofnunarinnar og hefur þurft að nota ganga hússins bæði fyrir skjala og teikningasafn stofnunarinnar en einnig sem vinnustöð fyrir starfsmann. Húsnæðið er ófullnægjandi við núverandi aðstæður og því hafa aðrir möguleikar verið athugaðir en án árangurs. Áriðandi er orðið að ráðin verði bót á húsnæðismálum stofnunarinnar.

Skráningarmál

Haldið var áfram að skrá friðuð hús og önnur hús varðveisluverð hús. Skráning fer fram í gagnasafn Sarps, en Sarpur er samstarf safna og stofnanna um miðlægt, samræmt menningarsögulegt gagnasafn.

Lokið var við skráningu friðaðra húsa og kirkna og einnig skráningu húsa á safnasvæðum að mestu leyti.

Hafin skráning á styrkjum og lokið var við hana að mestu fyrir árslok 2002.

Ferðir

Húsafriðunarnefnd fór í eina skipulega kynnisferð á árinu 2002 um sunnanverða Vestfirði eins og áður er getið. Forstöðumaður fór í 19 ferðir um landið á árinu og sótti um 5 staði heim í hverri ferð.

Útgáfustarfsemi

Á árinu komu út tvö bindi í ritröðinni Kirkjur Íslands og fjalla þau bæði um friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu; hið fyrra um Hraungerðiskirkju, Ólafsvallakirkju, Stóra-Núpskirkju og Villingaholtskirkju; hið síðara um Bræðratungukirkju, Búrfellskirkju, Miðdalskirkju, Mosfellskirkju og Torfastaðakirkju. Höfundar eru þau Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt, Gunnar Bollason sagnfræðingur, Páll Lýðsson bóndi og sagnfræðingur, Þór Magnússon fyrrverandi þjóðminjavörður og Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur. Að útgáfunni standa Húsafriðunarnefnd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Biskupsstofa og Hið íslenska bókmenntafélag en ritstjóri verksins fyrir hönd nefndarinnar er Þorsteinn Gunnarsson.

Á árinu stóð yfir samstarf við verkfræðistofuna Línuhönnun um útgáfu rits um steiningu húsa. Þeir Ari Trausti Guðmundsson og Flosi Ólafsson hafa, fyrir hönd verkfræðistofunnar ritað texta og valið myndir. Jon Nordsteien arkitekt hefur unnið við uppsetningu og umbrot ritsins fyrir Húsafriðunarnefnd.

Á árinu hafa þeir Jon Nordsteien og Ragnar Jón Gunnarsson arkitektar séð um undirbúning útgáfu rits um uppmælingu húsa.

Byggingarsögulegar rannsóknir


Húsafriðunarnefnd hefur látið vinna áfram að byggingarsögulegum rannsóknum á friðuðum kirkjum í samræmi við staðfesta stefnuskrá sína. Er þar annars vegar um að ræða uppmælingar kirkna á vettvangi og hins vegar uppskriftir á biskups- og prófastsvisitasíum á Þjóðskjalasafni Íslands. Nefndin áætlað að rannsóknum þessum verði að fullu lokið árið 2007.

Námskeiðahald og kynning

Húsafriðunarnefnd hélt námskeið fyrir iðnaðarmenn í Reykjavík í samvinnu við Menntafélag byggingariðnaðarins. Þá kynnti forstöðumaður starfsemi nefndarinnar á námskeiðum í Iðnskólanum í Reykjavík fyrir húsasmíðameisturum og námsfólki í tækniteiknun. Haldið var námskeið fyrir smíði á Ísafirði 4. maí 2002.


Forstöðumaður tók þátt í héraðsfundi í Norður-Múlaprófastsdæmi þar sem hann hélt erindi um ferlimál fatlaðra í friðuðum kirkjum.

Forstöðumaður hefur leitast við að kynna starfsemi stofnunarinnar og styrkveitingar Húsafriðunarsjóðs þegar tækifæri hafa gefist til þess.



Fjöldi styrkja (línurit) og og umsókna (súlurit)

Heimild: Húsafríðunarnefnd



Úthlutunarfé Húsafríðunarsjóðs 1987- 2002
Upphæð styrkja 1992 skýrist af því að framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 1991 kom í sjóðinn árið 1992.


Úthlutunarfé var leiðrétt með byggingarvísitölu.
Heimildir: Húsafríðunarnefnd og Hagstofan

Húsafriðunarsjóður

Styrkumsóknir 2002 voru alls **245** en styrkveitningar voru **157**. Styrkir námu samtals **81.390** þús.kr. 2002. Upphæð styrkja var frá 70 þús. kr. og upp 7.000 þús. kr.

Upphæð styrkja eftir flokkum:

Friðuð hús	18.940
Friðaðar kirkjur	23.550
Hús á safnasvæðum	1.850
Rannsóknarverkefni	700
Húsakannanir	1.500
Önnur verkefni - Reykjavík	5.000
Önnur verkefni - Reykjanes	2.250
Önnur verkefni - Vesturland	3.250
Önnur verkefni - Vestfirðir	2.200
Önnur verkefni - Norðurland	14.750
Önnur verkefni - Austurland	5.700
Önnur verkefni - Suðurland	1.700



Einstaka styrkir eftir flokkum

FRÍÐAÐAR KIRKJUR

Reykholtskirkja	1887	2.500
Borgarkirkja á Mýrum	1880	1.500
Hjarðarholtskirkja í Stafholtstungum	1895	400
Staðarfellskirkja í Dölum	1891	500
Sauðlauksdalskirkja	1863	250
Þingeyrarkirkja við Dýrafjörð	1911	2.500
Hólskirkja, Bolungarvík	1908	600
Bænhúsið í Furufirði	1899	250
Svinavatnskirkja, Svinavatnshreppi	1881	300
Blönduóskirkja	1894	600
Hvammiskirkja í Laxárdal	1892	400
Hofstaðakirkja	1905	300
Urðakirkja	1901	700
Bakkakirkja í Öxnadal	1843	500
Grundarkirkja í Eyjafirði	1904	200
Lögmanshlíðarkirkja	1860	500
Flateyjarkirkja	1897	300
Húsavíkurkirkja	1907	250
Skinnaðaakirkja í Öxarfirði	1854	1.200
Sauðaneskirkja á Langanesi	1889	500
Skeggjastaðakirkja	1845	100
Vopnafjarðarkirkja	1902	1.200
Bakkagerðiskirkja, Borgafirði eystri	1901	1.200
Kirkjubæjarkirkja, N-Múl.	1851	300
Hjaltastaðakirkja	1881	600
Fáskrúðsfjarðarkirkja	1914	500
Stafafellskirkja í Lóni	1886	200
Prestbakkakirkja á Síðu	1859	1.000
Breiðabólstaðarkirkja í Fjótshlíð	1911	1.200
Árbæjarkirkja í Holtum	1887	400
Villingaholtskirkja	1910	1.000
Hvalsneskirkja	1887	600
Stokkseyrarkirkja	1886	1.000
		23.550


Skífurit: Styrkir eftir flokkum

FRÍÐUÐ HÚS

Austurstræti 20, Reykjavík	1805	2.000
Hafnarstræti 1-3, Reykjavík	1868	500
Landakot, Gamla prestshúsið	1837	400
Skólavörðustígur 35, Reykjavík	1909	400
Tjarnargata 18, Reykjavík	1906	400
Tjarnargata 22, Reykjavík	1906	150
Tjarnargata 28, Reykjavík	1906	600
Þingholtsstræti 29, Reykjavík	1899	200
Gunnlaugshús í Flatey	1845	90
Aðalstræti 8, Ísafirði	1845	300
Aðalstræti 16, Ísafirði	1880	500
Aðalstræti 42, Faktorshús í Hæstakaupstað, Ísafirði	1788	200
Gamla sjúkrahúsið á Ísafirði	1926	7.000
Riis-hús, Borðeyri, 500 Brú	1862	1.500
Villa Nova, Sauðárkróki	1903	1.300
Aðalstræti 14, Guðmanns Minde Akureyri	1836	700
Aðalstræti 46, Friðbjarnarhús, Akureyri	1856	700
Aðalstræti 50, Akureyri	1849	500
Aðalstræti 62, Akureyri	1846	200
Hafnarstræti 57, Samkomuhúsið, Ak.	1906	400
Jensenshús, Eskifirði	1837	600
Faktorshúsið á Djúpavogi	1848	300
		18.940

HÚS Á SAFNASVÆÐUM

Sandar (vestri), Akranesi	1901	300
Pakkhúsið, Ólafsvík	1844	600
Tjöruhúsið í Neðstakaupstað, Ísaf.	1782	100
Turnhús í Neðstakaupstað, Ísaf.	1785	150
Hafnargata 34-35, Vélsmiðja, Seyðisf.	1907	200
Safnasvæði við höfnina, A-Skaft.		500
		1.850



Hlutfall styrkja 1994- 2002 eftir flokkum

Heimild: Húsafriðunarnefnd

Önnur verkefni - landshlutar

ÖNNUR VERKEFNI; SUÐURLAND

Suður-Vík, Vík	1902	300
Víkurbraut 18, Sólheimar, Vík	1908	200
Víkurbraut 20a, Vík	1902	150
Víkurbraut 22, Bindindishúsið, Vík	1900	200
Víkurbraut 24a, Vík	1913	250
Hamragarðar í V-Eyjafjallahr.	1908	200
Nýbær, Eyrarbakka	1902	200
Vestmannabraut 52, Vestmannaeyjum	1908	200
		1.700

ÖNNUR VERKEFNI; VESTURLAND

Ferjukot, Borgarhreppi	1894	150
Grjóteyri	1926	100
Pakkhús í Borgarbyggð	1887	2.000
Grundarbraut 1, Jónshús, Ólafsvík	1891	200
Mýrarholt 8, Ólafsvík	1905	200
Ásgarður í Flatey	1907	300
Pakkhús í Flatey	1865 - 1918	300
		3.250

ÖNNUR VERKEFNI; REYKJAVÍK

Bankastræti 3	1885	300
Grettisgata 11	1907	150
Hjómskálinn	1922	600
Hólatorg 2	1919	200
Ingólfsstræti 10	1907	250
Laufásvegur 35	1904	400
Laufásvegur 43	1903	400
Laufásvegur 48, Laufás	1896	150
Laugavegur 34	1930	200
Laugavegur 58	1904	300
Miðstræti 8a	1903	400
Miðstræti 8b	1903	600
Nýlendugata 24	1907	150
Vesturgata 21	1883	200
Þingholtsstræti 17	1882	400
Þingholtsstræti 33	1911	300
		5.000

Önnur verkefni - framhald

ÖNNUR VERKEFNI; NORÐURLAND

Brekkugata 2, Hvammstanga	1910	200
Aðalgata 11, Blönduósi	1905	150
Blöndubýggð 3, Sólbakki, Blönduósi	1926	150
Sýslumannshúsið á Kornsa	1879	400
Bjarmanes, Skagaströnd	1913	400
Aðalgata 17, Sauðárkróki	1886	150
Aðalgata 18, Tynesarhús, Siglufirði	1905	1.200
Aðalgata 23, Ytrahús, Siglufirði	1905	150
Hávegur 60, Hlíðarhús, Siglufirði	1898	150
Herhúsið á Siglufirði	1914	500
Norðurgata 1, Sigluf. Maðdömuhús	1884	2.000
Hólabraut 3, Þorsteinshús, Hrísey	1899	200
Gamla syðstabæjarhúsið, Hrísey	1885 - 1886	4.000
Leikhús á Möðruvöllum í Hörgárdal	1881	100
Stefánsfjós á Möðruvöllum	1902 - 1904	300
Íbúðarhúsið Völlum, Svarfaðardal	1901	600
Aðalstræti 15, Akureyri	1903	250
Eyrarlandsvegur 22, Akureyri	1926	250
Hafnarstræti 86, Akureyri	1903	400
Hafnarstræti 88, Akureyri	1900	250
Beituskúr, Grenivík		1.000
Hraunsrétt í Aðaldal	1836	1.000
Verslunarhús Kaupfél. Þingeyginga, Húsavík	1883	600
Gamla íbúðarhúsið að Héðinshöfða	1880	350
		14.750

ÖNNUR VERKEFNI; AUSTURLAND

Hafnarbyggð 5, Jaðar, Vopnafirði	1880	150
Læknisbústaður á Hjaltastað	1925	150
Gistihúsið að Egilsstöðum	1903	400
Austurvegur 42, Skafthell, Seyðisfirði	1907	300
Fjörður 1, Seyðisfirði	1906	150
Fjörður 6, Þorsteinshús, Seyðisfirði	1907	150
Hafnargata 42, Garður, Seyðisfirði	1921	150
Norðurgata 2/Oddagata 6, Seyðisfirði	1920/1898	1.000
Vesturvegur 5, Björgvin, Seyðisfirði	1878	150
Vesturvegur 8, Seyðisfirði	1907	300
Öldugata 6, Seyðisfirði	1883	150
Búðavegur 8, Templarinn, Fáskrúðsfirði		200
Gamla Kaupfélagshúsið, Breiðdalsvík	1906	2.000
Framtíðin, Djúpavogi	1905	200
Bjarg, Papey	1900	250
		5.700

ÖNNUR VERKEFNI; VESTFARÐIR

Prestbústaðurinn á Brjánslæk	1912	500
Gamla íbúðarhúsið á Sveinseyri, Tálknafirði	1880	150
Strandgata 6, Bildudal	1880	150
Híð að Núpi í Dýrafirði	1905	70
Smöjugata 8a, Ísafirði	1878	200
Tangagata 4, Ísafirði	1884	150
Tangagata 26, Ísafirði	1897	150
Tangagata 31a, Ísafirði	1892	150
Hafnargata 108, Bolungarvík	1906	200
Hjallur í Ögri	1880 - 1890	400
Timburhúsið í Reykjarfirði	1898	80
Hafnarbraut 39, Riis-hús, Hólmavík	1897	200
Kópnesbraut 9, Björnhús, Hólmavík	1913	300
		2.200

Önnur verkefni

RANNSÓKNARVERKEFNI

Menntaskólinn í Reykjavík	1848	500
Fríkirkjan í Reykjavík	1902	200
		700

HÚSAKANNANIR

Húsakönnun á Siglufirði	750
Húsakönnun á Stokkseyri	750
	1.500